


# *Dúó Edda*

Vera Panitch

fiðla

Steiney Sigurðardóttir

selló



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 19. júlí 2022 kl. 20:30

**Vera Panitch** er fædd 1993 í Kaupmannahöfn og hóf þar fiðlunám hjá Arkadi Zelianodjevo. Tólf ára fluttist hún til Seattle og hélt áfram námi hjá fiðluleikaranum Yuriy Mikhlin. 15 ára gömul kom hún heim og hóf nám við Det Kongelige Danske Musik-konservatorium hjá fiðluleikaranum Alexandre Zapolski og lauk meistara- og einleikaranámi með hæstu einkunn. Leiðbeinandi hennar í kammermúsík var Tim Frederiksen og einnig sótti hún tíma hjá Noah Bendix-Balgley konsertmeistara í Fílharmóníu-hljómsveit Berlínar.

Vera hefur unnið til verðlauna í mörgum keppnum í Danmörku og víðar. Árið 2016 var hún valin í stöðu uppfærslumanns annarrar fiðlu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og síðar stöðu annars konsertmeistara hjá sömu hljómsveit, stöðu sem hún sinnir enn ásamt því að leika kammertónlist og koma fram sem einleikari.

**Steiney Sigurðardóttir** er fædd í Reykjavík árið 1996. Hún hóf sellónám 5 ára gömul hjá Örnólfi Kristjánssyni og lauk framhaldsprófi undir handleiðslu Gunnars Kvaran og burtfararprófi frá Tónlistarskóla Reykjavíkur undir leiðsögn Sigurgeirs Agnarssonar. Hún hlaut styrk Halldórs Hansen fyrir framúrskarandi námsárangur og burtfararpróf. Árið 2016 hóf hún nám við Tónlistarháskólann í Trossingen í Þýskalandi þar sem hún lærði í fjögur ár undir handleiðslu Francis Gouton prófessors og lauk þar Bachelor gráðu með hæstu einkunn. Einnig tók hún þátt í fjölda masterklassa hjá virtum sellóleikurum eins og Troels Svane, Roland Pidoux, Wenn Sin Yang, Sadao Harada og Maria Kliegel.

Steiney hefur leikið einleik með Hljómsveit Tónlistarskóla Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Árið 2019 var Steiney valin til stöðu uppfærslumanns leiðara í sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Fyrstu tónleikar **Dúó Eddu** voru haldnir í Eldborgarsal Hörpu í Reykjavík vorið 2020. Síðan þá hefur dúóið haldið fjölda tónleika, bæði á Íslandi og í Danmörku. Í nóvember 2020 hrepptu þær þriðja sæti í Kammermúsíkkeppni sem haldin var á vegum dönsku útvarpsstöðvarinnar P2.

Dúó Edda leggur mikla áherslu á að flytja tónlist frá Norðurlöndunum og er markmið þeirra að flytja að minnsta kosti eitt norrænt tónverk á hverjum tónleikum.

## *Efnisskrá*

- |                              |   |
|------------------------------|---|
| Reinhold Gliere<br>1875–1956 | <i>Átta stutt verk op. 39 fyrir fiðlu og selló</i> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Prelude</li><li>2. Gavotte</li><li>3. Berceuse</li><li>4. Canzonetta</li><li>5. Intermezzo</li><li>6. Impromptu</li><li>7. Scherzo</li><li>8. Etude</li></ol> |
| Maurice Ravel<br>1875–1937   | <i>Sónata fyrir fiðlu og selló</i> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Allegro</li><li>2. Très vif</li><li>3. Lent</li><li>4. Vif, avec entrain</li></ol>  |
| Johan Halvorsen<br>1864–1935 | <i>Passacaglia í g-moll</i><br>við stef eftir Händel  |

**Vera Panitch** was born 1993 in Copenhagen and received her first violin lessons with Arkadi Zelianodjevo. In 2005 she moved to Seattle, USA, and took lessons with violinist Yuriy Mikhlin. Returning to Denmark three years later she enrolled at the Royal Danish Academy of Music where Alexandre Zapolski was her main teacher and Tim Frederiksen her chamber music professor. There she received her Bachelor-, Master- and Soloist degrees with distinction. She has also taken lessons with concertmaster Noah Bendix-Balgley in Berlin.

Vera has received many scholarships and financial support, e.g. from Van Hauen Foundation and Augustinus Foundation, and the Sonning Talent Prize. She moved to Iceland in 2016 and is currently the second concertmaster of the Iceland Symphony Orchestra, besides playing chamber music and appearing as a soloist.

**Steiney Sigurðardóttir**, born in 1996, started learning the cello at the age of five and went on to study at the Reykjavík College of Music and Icelandic Academy of the Arts with Sigurgeir Agnarsson and Gunnar Kvaran. She graduated in 2015, receiving the Halldór Hansen award for outstanding final exam. Steiney commenced her Bachelor studies in 2016 at the Staatliche Hochschule für Musik Trossingen in Germany under Prof. Francis Gouton and received her Bachelor degree in 2019 with highest possible grade for her final recital. Her time in Germany included master-classes with a number of prestigious cellists, such as Troels Svane, Roland Pioux, Wenn Sin Yang, Sadao Harada and Maria Kliegel.

Steiney has performed as a soloist with the Orchestra of the Reykjavík College of Music, Icelandic Youth Symphony Orchestra, Reykjavík Chamber Orchestra and the Iceland Symphony Orchestra. In 2019 she won the audition for the subprincipal cello at the Iceland Symphony Orchestra.